

Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, lögum um vörugjald
og lögum um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sóleyju Ragnarsdóttur frá fjármála-
ráðuneyti og Eddu Símonardóttur frá tollstjóra.

Frumvarp þetta varðar breytingu á hefðbundnum gjalddögum aðflutningsgjalda og vöru-
gjalda vegna uppgjörstímabila á árinu 2012. Frumvarpið er samhljóða frumvarpi sem efna-
hags- og skattanefnd flutti á síðasta þingi að beiðni fjármálaráðherra og varðaði tilgreind
uppgjörstímabil á árinu 2011, sbr. lög nr. 46/2011. Í frumvarpinu er þó lögð til sú breyting
frá fyrri framkvæmd að lagt er til að síðari helmingi aðflutningsgjalda skuli skila eigi síðar
en á 5. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils í stað 15. dags.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 13. mars 2012.

Helgi Hjörvar,
form., frsm.

Skúli Helgason.

Tryggvi Þór Herbertsson.

Magnús M. Norðdahl.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Lilja Mósesdóttir.

Lilja Rafney Magnúsdóttir.